

Einangraður æðarbóndi segir heildsala loka á sig

■ Jón Sveinsson æðarbóndi segir félag dúnútflyjenda vera með áróður gegn sér ■ Sagður vera geðveikur ■ Ríkið greiðir niður kynningarefni tekið upp í verksmiðju keppinautar hans

Sólrun Lilja Ragnarsdóttir



blæðamáður skrifar

sólrun@dv.is

„Samtök dúnútflyjenda eru að ein-oka markaðinn á sama máta og olíufélögin gerðu. Það er samráð í verði gagnvart birgum og það er samráð í verði gagnvart kaupendum,“ segir Jón Sveinsson æðarbóndi, hreinsari, dúnvöruframleiðandi og útflytjandi á Miðhúsum í Reykhólasveit. Jóni bauðst að vera með í samtökum dúnútflyjenda í upphafi en segir að hann hafi hryllt við þeim vinnubrögðum sem átti að viðhafa innan þeirra. Jón er einn af þremur útflutningsaðilum sem standa fyrir utan félagið.

„Þetta er geðveikur maður“

Jón er eini dúnframleiðandinn á Íslandi sem þær dúninn sjálfur og hann segist því í raun vera með verðmætari vörum í höndunum en aðrir. Þá er hann, að eigin sögn, einnig með fullkomnari vélar en gengur og gerist í dúnframleiðslu á Íslandi. Þráttr fyrir það hefur honum gengið illa síðustu ár að fóta sig á Japansmarkaði, sem er stór. Hann kannaði hvernig á því stæði og segir þá hafa komið í ljós að mikill áróður var í gangi gegn honum frá stóru heildsölunum.

„Maður er búinn að vera í þessu í yfir tuttugu ár, gera þetta að ævistarfi, byggja nýjar vélar og koma sér upp viðskiptum. Svo er þetta kroppað af manni með bolabréögðum. Þeir ráðast á kaupendum úti og segja: skiptið ekki við Jón á Miðhúsum, þetta er geðveikur maður,“ segir Jón og visar þar til símtals sem hann fékk frá erlendum kunningja sínum. Sá hafði fengið þær upplýsingar frá aðilum innan heildsölu í Reykjavík að Jón gengi ekki heill til skógar. „Svo ráðast þeir á bændurna og segja: skiptið ekki við Jón á Miðhúsum, hann getur ekkert selt, komið frekar til okkar.“ Jón segist hafa verið með um tuttugu prósent af framleiðslunni á tímabili en nú sé hlutur hans óverulegur. „Þeir hafa lokað á mig á markaðnum úti og náð til sín birgum hérra innanlands. En ég er þó ekki af baki dottinn og ég finn ný og rækta ný viðskiptasambönd.“

Gróðinni er í sölunni, ekki tínslunni

Jón segir þó steininn hafa tekið úr

„Þeir ráðast á kaupendum úti og segja: skiptið ekki við Jón á Miðhúsum, þetta er geðveikur maður.“

þegar hann opnaði nýjasta eintakið af Bændablaðinu og sá þar að nýtt kynningarefni um æðarfuglinn væri í smíðum. „Ríkið er að borga fyrir þetta með styrkjum í gegnum Æðarræktarfélög og Bændasamtökum og það er verið að taka upp mynd í verksmiðju keppinautanna sem eru einnig í útflutningi. Kynningarefnið kemur því væntanlega til með að þjóna þeim séristaklega,“ segir Jón sem er eðlilega mjög ósáttur.

„Það er ekki verið að hygla einum eða neinum í þessari mynd. Þetta er almenn kynningarmynd um æðarrækt á Íslandi sem er tekin á fjöldamörgum stöðum,“ segir Guðbjörg Helga Jóhannesdóttir, hlunnindaráðgjafi hjá Bændasamtökum Íslands. Hún segir það hafa verið tilviljun að Bændablaðið myndaði í þessari ákveðnu verksmiðju, en nafn verksmiðjunar komi hvergi fram í myndinni. Bændasamtök Íslands koma ekki að gerð myndarinnar, heldur eingöngu Æðarræktarfélög, að sögn Guðbjargar. Það fjármagn sem fer í kynningarefnið kemur því beint frá félagsmönnum en ekki frá ríkinu.

Vill fá dúninn á uppbod

Jón hefur verið talmaður þess að fella út heildsölustigið og að dúninn farí frekar á uppbod. „Ég bar bessa hugmynd upp á fundi félags æðarræktenda og það var púað á hana. Það var frá fulltrúum heildsalanna því þeir myndu missa spón úr aski sínum ef þetta fyrirkomulag kæmist á.“

Hann segir heildsalana ekki taka neina áhættu þegar illa gengur að selja enda láta þeir framleiðendur þá sitja uppi með hráefnið. Þá fullyrðir Jón að heildsalarnir sitji beggja vegna bordsins því fulltrúar þeirra séu komnar inn í stjórn Æðarræktarfélagsins. Það sé mjög óeðlilegt enda sé það hagur þeirra að halda verðinu



Enginn gróði í tínslu „Gróðinn felst ekki í því að hlaupa hér út í allar eyjar í vindu og roki og ganga klukkutínum saman og tína hráefnið,“ segir Jón.



Pvær dúninn Jón segist vera eini dúnframleiðandinn á Íslandi sem þær dúninn sjálfur. Það geri vörur hans mun verðmætari en annarra.

gagnvart bændum eins lágu og þeir geta.

Framleiðendur fá brot af smásöluverði

Jón bendir á að æðardúnninn sé mjög verðmæt vara en að hagnaður framleiðendanna sé ekki nema um 1/25 af smásöluverði vörunnar. Meðalverð á sængum úr íslenkum æðardún í Japan mun vera um tvær milljónir króna en dæmi eru um að sængur séu verðlagðar á allt að 45 milljónir króna. Þá eru sængurverin einnig úr gæðahráefni. „Þetta er grein sem enginn veitir athygli og enginn hugsar um en þetta er alvöru vara sem er að fara í eina mestu lúxusafurð heims, en okkur er þrykt út í horn með hana,“ segir Jón sem vill sjá breytingar sem fyrst.



Ósáttur Jón Sveinsson æðarbóndi segir samtök dúnútflyjtenda stunda áróður gegn sér.

MYND JÓN SVEINSSON